



BLÁSKÓGABYGGÐ

HVÍTÁRNES VIÐ HVÍTÁRVATN DEILISKIPULAGS- OG MATSLÝSING

15. sept. 2011

Endursk. 25. nóv. 2011 v/ ath. sveitarstjórnar Bláskógab. dags. 06. okt. 2011.

1.1. Inngangur

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir skálasvæði í Hvítárnesi við Hvítárvatn. Skálasvæðið er eitt af skálasvæðum Ferðafélags Íslands (FÍ) sem tengjast hinni fornu þjóðleið um Kjöl. Deiliskipulagið er unnið á vegum FÍ í náinni samvinnu við sveitarstjórn Bláskógabyggðar og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Landform ehf. hefur verið falin skipulagsráðgjöf málsins og var heimild fyrir gerð deiliskipulagsins samþykkt í skipulagsnefnd uppsveita Árnassýslu þann 28. júlí 2011. Deiliskipulagslýsingin var lögð fram á fundi skipulags- og byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps 22. sept. 2011 og var því vísað áfram til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn tók lýsinguna fyrir á fundi sínum 6. okt. 2011 og bókaði eftirfarandi:

3.3. *Tillaga að deiliskipulagi Hvítárnesskála við Hvítárvatn.*

Lögð fram deiliskipulags- og matslýsing fyrir Hvítárnesskála við Hvítárvatn. Deiliskipulagið er unnið á vegum Ferðafélags Íslands í samvinnu við sveitarstjórn Bláskógabyggðar og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Landform ehf. hefur verið falin skipulagsráðgjöf málsins og var heimild um gerð deiliskipulagsins samþykkt í skipulagsnefnd Uppsveita Árnassýslu þann 28. júlí 2011.

Sveitarstjórn fagnar því að deiliskipulag sé unnið af skálasvæðinu, enda svæðið og umhverfi þess viðkvæmt sem fara verður varlega um. Sveitarstjórn ákvað fyrir 20 árum að setja á skipulag hálendismiðstöð í Árbúðum með það að markmiði að stemma stigu við ágangi í Hvítárnesi og til náttúruverndar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki verði ráðist í frekari skálabyggingar í Hvítárnesi til verndunar ásynðar og umhverfis. Litið verði til uppbyggingar hálendismiðstöðvarinnar Árbúða í því tilliti.

Deiliskipulagslýsing þessi er endurskoðuð með ofangreint í huga og hefur verið dregið úr upphaflegum hugmyndum varðandi umfang uppbyggingar.

1.2. Almennt um deiliskipulagssvæðið

Skálasvæðið í Hvítárnesi er innan svæðis miðhálandisins og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr.105/2006. Svæðið fellur jafnframt undir þjóðlendur sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og er landsvæðið því á forræði Forsætisráðuneytisins.

Aðstaða FÍ í Hvítárnesi er allt frá því að elsti gistiskáli félagsins var reistur þar árið 1930 og endurbyggður 1977. Skálinn er byggður úr timbri og með hlöðnum torfveggjum. Ytra byrði skálans og ásynð hefur nú verið friðað¹. Skálinn liggur í dag undir skemmdum og er orðið brýnt að hefja viðgerð á hlöðnum veggjum sem eru að gefa sig.



mynd 1.1 – yfirlitsmynd af skálasvæði

Skálinn er staðsettur á grónum bökkum Tjarnarár, þaðan sem fögur útsýn er yfir Hvítárvatn og til Langjökuls. Rétt austan við hann eru friðlýstar tóftir. ¹ Þegar gönguleið FÍ um Kjalveg er gengin, er ýmist lagt upp frá Hvítárnesi eða gangan enduð þar. Þá er hin forna þjóðleið gengin og aðrir áfangastaðir á leiðinni eru Þverbrekknamúli, Þjófadalur og Hveravellir.

Frá Kjalvegi liggur jeppafær vegslóði að skálanum. Bílastæðið er í um 100m frá skálanum og þar má einnig finna lítið grasgróið svæði þar sem reisa má tjald. Fast við bílastæðið stendur vatnssalerni og vetrarkamar og skammt frá er rotþró. Vatnstankur sem stendur beint yfir kaldavatnsborholu er um 70m austan við bílastæðið. Fyrirhugað er að breyta fyrirkomulagi vatnsöflunar og færa tankinn ofar í heiðina og gera hann lítið sýnilegan. Deiliskipulagið nær til um 3ha svæðis og innan þess falla núverandi byggingar, tjaldssvæði, fornleifar og vatnstankur. Fyrirhugað er að hafa tvær lóðir innan deiliskipulagsreitsins; eina um núverandi skála frá 1930 og aðra sunnan við bílastæði þar sem salerni, og nýtt skálavarðarhús er fyrirhugað. Með því móti er ásýnd og umhverfi núv. skála minnst skert.

Gönguferðir um hálendið njóta sívaxandi vinsælda og það er markmið FÍ að veita félagsmönnum sínum og öðrum ferðamönnum eins góða þjónustu og unnt er. Skálasvæði og þjónusta í Hvítárnesi þarf og taka mið af staðsetningu á hálendinu og því víðerni sem þar ríkir. Skálar á hálendinu þjóna ekki eingöngu ferðamönnum heldur gagnast þeir einnig smalamönnum á haustin. Auk þess geta þeir gegnt ákveðnu öryggishlutverki og munu þau sjónarmið koma fram í skipulagsáætluninni. Aðstaða í Hvítárnesi þarf jafnframt að taka mið af þeirri aðstöðu og uppbyggingu sem fyrirhuguð er í Árbúðum, um 3km austur af Hvítárnesi. Þar hefur Bláskógabyggð skv. aðalskipulagi ákveðið að hafa hálendismiðstöð á Kili og mun uppbygging í Hvítárnesi því eingöngu miðast við lágmarks uppbyggingu.



Mynd 1.2 – geymsla / hestaskýli



Loftmendir ehf

mynd 1.3 – yfirlitsmynd af skálasvæði

Í fasteignaskrá Íslands hefur skálasvæði Hvítárness landnúmerið 167346 og er stærð þess tilgreind 0m^2 . Eftirtalin mannvirki eru skráð:

Fjallaskáli byggður 1930, 40.7m^2

Snyrting byggð 1998 $5,8\text{m}^2$

Geymsla byggð 1935, 21m^2

Geymslan er fallin saman og rústir einar (sjá mynd). Hún hefur sennilega verið notuð sem hestaskýli hjá gangnamönnum og er ekki áætlað að endurreisa hana. Að auki er vetrarkamar við bilastæði og enn minni og eldri kamar rétt við skálan, sem fyrirhugað er að rífa.

1.3. Helstu viðfangsefni deiliskipulagsáætlunarinnar

FÍ hefur um árabíl staðið fyrir gönguferðum um Kjalveg hinn forna og tekur gangan að jafnaði um 3-4 daga. Hvítárnes er oftast fyrsti náttstaður á þeirri leið og þar er nú þegar sæmileg aðstaða fyrir ferðafólk, en bæta þarf salernisaðstöðu og huga að aðstöðu fyrir starfsfólk. Ferðafólk fer mikið um hálendið á eigin vegum og er brýnt að aðstaða sé fyrir starfsfólk á stað sem Hvítárnesi, þar sem miklar menningar- náttúru- og söguminjar eru. Í skipulagsvinnunni þarf að huga að lóðarmörkum, nýjum byggingareitum, salernismálum og varðveislu mjög merkra fornminja á staðnum.

Engin áform eru um að fara í umfangsmikla uppbyggingu á skálasvæðinu, heldur er megintilgangur áætlunarinnar að tryggja og skapa ramma um þá starfsemi FÍ sem fyrir er. Markmið FÍ er að bjóða gönguhópum á hálendinu viðunandi gistingu og hreinlætisaðstöðu en einnig þarf að huga að starfsaðstöðu skálavarða. Helstu stefnumið áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Staðfesta lóðarmörk og lóðarstærðir, sem forsendu fyrir leigusamningum
- Skrá mannvirki með landnúmeri skv. gildandi lögum
- Endurnýja / endurbyggja gamla skála í núv. mynd
- Byggingarreitur fyrir skálavarðarhús
- Stækkun/endurnýjun salernishúss
- Gæta að mörkum og verndun fornminja
- Afmörkun tjaldsvæðis og bílastæða fjarri núv. skála
- Færa vatnstank ofar í heiðina og taka vatn fjær skálanum.

Auk þess verður í deiliskipulagstillögunni fjallað um og sett ákvæði er varða jarðrask og gróður, fráveitu, vatnsmál, tjaldsvæði og útlit skálabygginga. Þar sem ekki er um miklar framkvæmdir að ræða verður ekki gert grein fyrir áfangaskiptingu.



Mynd 1.4 – Panoramamynd af vetrarkamar, salerni og gistiskála

1.4. Tengsl áætlunar við aðra áætlanagerð

Deiliskipulagstillagan verður í fullu samræmi við eftirfarandi áætlanir og mun ekki kalla á breytingar á þeim, en þær eru:

Svæðisskipulag miðhálandisins: Gert er ráð fyrir skálasvæði við Hvítárnes í svæðisskipulagi miðhálandisins og er það skilgreint sem *fjallasei*. Um þau gildir að þau skulu opin almenningi. Mat á umhverfisáhrifum áætlana þurfa að liggja fyrir áður en mannvirki vegna ferðaþjónustu á miðhálandinu verða reist.

Aðalskipulag: Í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, sem nú er hluti af Bláskógabyggð, er fjallaskálinn skilgreindur sem frístundabyggð. Engin sérstök ákvæði eru sett fyrir fjallaskála. Það er álitamál hvort ákvæði um stærð frístundalóða 0,5-1,0 ha eigi við

hér. Í skipulaginu kemur fram að við Hvítárnes eru friðlýstar fornminjar rétt austan við gistiskálann. Skipulagsáætlunin mun því kalla á samráð við Fornleifavernd ríkisins. Skv. aðalskipulagi er hverfisvernd á svæðinu sem undirstrikar sérstæða náttúru og landslag. Skv. bókun sveitarstjórnar frá 6. október 2011 er vísað til ákvörðunar sem tekin var í aðalskipulagsgerðinni á sínum tíma, að Árbúðir, sem er í um 3km fjarlægð frá Hvítárnesi, yrði skilgreind sem hálendismiðstöð, til þess að verja Hvítárnes fyrir frekari uppbyggingu.

Náttúrminjaskrá: Hvítárnes er á náttúruminjaskrá;

„(1) Vatnið ásamt Fróðárdölum og Hvítárnesi, vestan Kjalvegjar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólköttlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúluksvísl. (2) Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár“.

Skipulagsáætlunin mun því kalla á samráð við Umhverfisstofnun.

1.5. Aðrar forsendur

Fjöldi gistinátta: Skálavörður hefur einungis verið tímabundið í Hvítárnesi og því eru ekki til áreiðanlegar tölur um gistinætur. Þantaðar gistinætur fyrir sumarið 2009 voru 255 talsins, árið 2010 voru þær 244 og í ár, 2011 voru þær 302. Gera má ráð fyrir nokkuð fleiri gistinóttum en þessar tölur gefa til kynna því margir koma og gista án þess að hafa þantað fyrirfram. Því getur verið erfitt að áætla heildarfjölda gistinátta á meðan fastur skálavörður er ekki á staðnum. Á haustin fá gangnamenn afnot af skálanum í tengslum við smalamennsku.

Friðun gistiskála og friðlýstar húsatóftir: Gistiskálinn frá 1930 er nú friðaður og liggur undir skemmdum eins og áður segir. Friðun skálans og nálægð hans við friðlýstar minjar austan við hann, hefur í för með sér að ekki verður ráðist í stækkun eða nokkrar breytingar á skálanum. Bílastæði og salernisaðstaða er í um 150m fjarlægð frá núv. gistiskála til þess að verja þessar fornminjar.



Mynd 1.5 – friðlýstar húsatóftir og gistiskáli

Gönguáætlun FÍ. Um árabíl hefur FÍ staðið fyrir gönguferð milli Hveravalla og Hvítárness með viðkomu í Þjófadölum og Þverbrekknámúla. Frá Hveravöllum í Þjófdali eru 12km, frá Þjófadölum í Þverbrekknámúla eru 13km og frá Þverbrekknámúla í Hvítárnes eru 15km. Allir þessir gönguáfangar taka um 4-5 klst. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að komast að skálasvæðinu með rútur og trússbíla eins og gert er í dag, en vegslóði liggur frá hálendisvegi nr. F35 að Hvítárnesi, framhjá Árbúðum.

1.6. Matslýsing vegna umhverfismats áætlana

Skálasvæðið í Hvítárnesi er innan „Svæðisskipulags um miðhálandi Íslands 2015” og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr.105/2006. Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunarinnar má sjá í kafla 1.3 hér að ofan sem og tengsl þess við aðrar áætlanir.

1.6.1. Grunnástand umhverfis

Landsvæði hálandisins eru í eðli sínu viðkvæm, gróðurþekja er þunn og stundum engin. Allt jarðrask og uppfok er lengi að gróða sökum þess hve hægvoxta plönturnar eru og vaxtartími stuttur. Það svæði sem er innan deiliskipulagsmarka er reyndar vel gróð og hefur lítið sem ekkert látið á sjá í gegnum árin, nema lítillega meðfram göngustíg að skála eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Það stafar sennilega af því að ekið er að skálanum og þarf þá annað hvort að koma í veg fyrir það eða breikka stíginn og setja varanlegt slitlag. Jafnframt er mikilvægt að fram fari stöðugt eftirlit með gróðri og jarðvegi svo hægt verði að bregðast við ef þörf krefur.



Mynd 1.6 – stígur að gistiskála

Þær upplýsingar sem matið mun byggja á koma aðallega frá Svæðisskipulagi miðhálandis Ísl. 2015 og Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 (nú Bláskógabyggð), ásamt upplýsingum sem heimamenn og starfsfólk Ferðafélags Íslands búa yfir. Ferðafélagið hefur gott heildaryfirlit yfir starfsemi og aðstæður á svæðinu frá því um 1930, þegar skálinn var reistur. Einnig liggja fyrir upplýsingar um mannvirki á svæðinu sem og fyrirhugaða uppbyggingu í nánustu framtíð.

Skipulagsráðgjafar hafa farið í vettvangsferð um svæðið og kynnt sér aðstæður, mælt upp hús og innbyrðis afstöðu þeirra, staðsetningu og fyrirkomulag fráveitu, rotþróa, vatnsmála, tjaldsvæðis o.s.frv. Í ferðinni voru einnig með skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu sem kynnti sér aðstæður og fornleifafraeðingur á vegum Fornleifaverndar ríkisins sem mældi og tók myndir.

Gagnagrunnur verkefnisins byggir á uppréttri loftmynd og hæðarlínukort frá Loftmyndum og eru gögnin í samræmdu hnitakerfi fyrir Ísland. Ekki er reiknað með að gera þurfi sérstakar úttektir á svæðinu innan deiliskipulagsreitsins útfrá þeim stefnumiðum sem greint var frá.

1.6.2. Umhverfisþættir

Þó ekki sé um stórvægilegar framkvæmdir að ræða, þarf samt að meta helstu umhverfisþætti vegna staðsetningar svæðisins. Umhverfi skálasvæðisins er nokkuð gróið en samt viðkvæmt eins og gróðursvæði á hálendi jafnan eru. Gæta þarf að frárennismálum og vatnsmálum og koma í veg fyrir rof á landi. Einnig þarf að hafa í huga verndun fornminja. Á hálendinu eru mannvirki oft vel sýnileg í landslaginu og verða þessir sjónrænu þættir skoðaðir sérstaklega.

Þeir umhverfisþættir sem metnir verða út frá umhverfisáhrifum eru eftirfarandi:

Vatn – vegna nálægðar við Tjarná

Land (jarðvegur og jarðmyndanir) – vegna almennrar hættu á rofi á hálendinu

Heilsa og öryggi - vegna frárennismála og öryggis ferðamanna í óbyggðum

Hagrænir og félagslegir þættir - þar sem um ferðaþjónustu er að ræða

Náttúru og menningarminjar - vegna verndargildis rústa og skála

Landslag og sjónrænir þættir – þar sem um mannvirki í óbyggðum er að ræða.



Mynd 1.7– séð frá bökkum Tjarnár



Mynd 1.8 – séð til suðvesturs að Langjökli

1.6.3. Stefnumið sem metin verða

Þar sem aðallega er um að ræða að staðfesta núverandi mannvirki í skipulagi auk lítilsháttar stækkunar, eru það aðallega áhrif nýrra mannvirkja og fyrirkomulag salernismála sem metin verða. Ný bygging (skálavarðarhús) og endurbætur salernis- og frárennismála, eru þeir þættir sem líklegir eru til þess að hafa í för með sér áhrif á umhverfið, þ.e. ef ekki er rétt staðið að málum. Fjölgun bygginga getur haft nokkur áhrif á landslagið og verður það skoðað hversu mikil eða lítil áhrif það mun hafa á ásýnd svæðisins ef húsum fjölgar eða þau stækka. Einnig þarf að huga að mótvægisáðgerðum m.t.t. verndunar friðlýstra fornleifa. Með deiliskipulaginu er ekki verið að leggja til aukna vegagerð umfram það sem er í dag. Ekki er verið að leggja til neina grundvallarbreytingu á nýtingu svæðisins.

Deiliskipulagsáætlunin nær til skráningar á núverandi aðstæðum auk þess sem hún felur í sér heimild til þess að bæta salernisaðstöðu og byggja skálavarðarhús. Í raun er því ekki um marga valkosti að ræða sem hægt er að bera saman. Áætlunin verður samt borin saman við svokallaðan „núllkost“, þ.e. ef engar breytingar yrðu gerðar.

1.6.4. Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið er mælikvarði sem notaður er við að meta umhverfisáhrif skipulagsáætlunar á tiltekna umhverfisþætti og hvort umhverfisáhrifin eru talin jákvæð eða neikvæð, veruleg eða óveruleg. Við umhverfismat tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis í Hvítárnesi verður horft til eftirfarandi umhverfisþátta með eftirfarandi umhverfisviðmið til grundvallar:

- Vatn (metið hvort áætlunin hefur áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn).
Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á ár og vötn eru eftirfarandi;
 - ✓ Lög um Náttúruvernd nr. 44/1999
 - ✓ Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003
 - ✓ Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
 - ✓ Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
 - ✓ Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
 - ✓ Skipulagsreglugerð 400/1998
 - ✓ Reglugerð nr.798/1999 um fráveitur og skólp
 - ✓ Náttúruminjaskrá (Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár)



Mynd 1.9 – Núverandi staðsetning vatnstanks

- Land (kanna áhrif áætlunar ájarðmyndanir og jarðveg/jarðvegsrof).
Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á heilsu og öryggi ferðamanna eru;
 - ✓ Lög nr. 17/1965 um landgræðslu m.s.br.
 - ✓ Lög um Náttúruvernd nr. 44/1999
 - ✓ Velferð til framtíðar (8.kafli í II hluta, fjallar um jarðmyndanir)
- Heilsa og öryggi (kanna áhrif á öryggismál ferðamanna og mengunarhættu).
Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á heilsu og öryggi ferðamanna eru;
 - ✓ Skipulags- og byggingarlög m.s.br
 - ✓ Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna
 - ✓ Reglugerð nr. 798/1999 um Fráveitur og skólp
 - ✓ Reglugerð nr. 797/1999 um Varnir gegn mengun grunnvatns
 - ✓ Öryggi á ferðamannastöðum, stefna til 2015, útg. 2011
- Hagrænir og félagslegir þættir (kanna mikilvægi áætlunar á ferðaþjónustu).
Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á ferðaþjónustu eru;
 - ✓ Velferð til framtíðar (5.kafli, Útivist í sátt við náttúruna, liðir 5.1-5.3, útg. Umhverfissráðuneytið, mars 2007)
 - ✓ Stefnumörkun sem sett er fram í „Miðhálandi Íslands, Svæðisskipulag 2015”
- Náttúru og menningarminjar (kanna áhrif áætlunarinnar á friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar, friðuð hús, gamla Kjalveg, svæði á náttúruminjaskrá).
Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á gróður- og náttúrufar er eftirfarandi;
 - ✓ Þjóðminjalög nr. 107/2001
 - ✓ Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

- ✓ Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973
- ✓ Velferð til framtíðar (5.kafli, Útivist í sátt við náttúruna, Umhverfisráðuneytið)
- ✓ Náttúruminjasrá
- ✓ Bókun sveitarstjórnar frá 6. október 2011



Mynd 1.10 – Gönguleið yfir Kjöl

- Landslag og sjónrænir bættir (könnuð verða sjónræn áhrif áætlunarinnar og hugsanlegar breytingar á náttúrulegu yfirbragði).

Viðmið til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á landslag og sjónræn atriði eru eftirfarandi;

- ✓ Lög um Náttúruvernd nr.44/1999
- ✓ Velferð til framtíðar (5.kafli, Útivist í sátt við náttúruna, liðir 5.1-5.3, útg. Umhverfisráðuneytið, mars 2007)
- ✓ Náttúruminjasrá
- ✓ Bókun sveitarsjórnar frá 6.október 2011

Auk þess verður stefnumörkun sú er fram kemur í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands og Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, er varðar þessa umhverfisþætti, lögð til grundvallar matinu.

1.6.5. Matsferlið og samráðsaðilar

Sú aðferð sem notuð verður við matið er huglægt mat sem byggir á þeim grunnupplýsingum sem fyrir liggja og aflað verður. Um er að ræða mjög afmarkað svæði þar sem mannvirki hafa staðið um árabíl. Skipulagstillagan leggur til bættu aðstöðu og litla uppbyggingu.

Skipulagsráðgjafi álitur að hægt sé að meta umhverfisáhrif áætlunarinnar með því að líta á núverandi ástand og umhverfisáhrif hvers stefnumiðs út frá því.

Svæði á hálandinu eru yfirleitt viðkvæm gegn jarðvegsrofi. Sjálft skálasvæðið er á mjög grónum stað og skipulagsáætlunin hófsöm hvað varðar uppbyggingu. Því er ekki talin nauðsyn á að fara út í ítarlegar rannsóknir á gróðri eða jarðvegsrofi en geta þó um ákv. mótvægisaðgerðir sem grípa má til ef skemmdir eiga sér stað, t.d. á tjaldsvæði eða öðrum svæðum innan deiliskipulagsins.

Hvítárnes er fyrst af 5 svæðum á vegum FÍ sem tengjast gönguleið yfir Kjöl og fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir. Á komandi árum er gert ráð fyrir að hliðstæð deiliskipulög verði

gerð fyrir skálasvæði við Þjófadali, Þverbrekknamúla, Hagavatn og Hlöðufell. Stefnt er að því að vinna og kynna þau öll með sambærilegum hætti, þ.e. deiliskipulagslýsingu, matslýsingu, deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu.

Landform ehf. mun sjá um gerð deiliskipulags og um mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar í samvinnu við FÍ, Bláskógabyggð, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Fornleifavernd ríkisins.

Skipulagsáætlunin er unnin skv. nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 og skal málsmeðferð hennar vera skv. þeim lögum. Skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu samþykkti á fundi sínum þann 28. júlí 2011 að heimila gerð deiliskipulags í Hvítárnesi og var sú ákvörðun staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 2. sept. 2011.

Helstu áfangar í skipulagsferlinu eru eftirfarandi:

- 1) LÝSING DEILISKIPULAGS + MATSLÝSING
 - Umsögn/samráð við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir v.deiliskipulags- og matslýsingar
 - Meðferð og samþykkt sveitarstjórnar á deiliskipulags- og matslýsingu
 - Kynning á lýsingu fyrir íbúum (fundi/tilkynningu/fréttabréfi, ákvarðast nánar í samráði við sveitarstjórn)
 - Úrvinnsla úr kynningu
- 2) DEILISKIPULAGSFERLI OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM ÁÆTLANA
 - Tillaga að deiliskipulagsgreinargerð og umhverfisskýrslu, ásamt skipulagsuppdrætti send á umsagnaraðila og/eða fundað með umsagnaraðilum. Þeir munu vera Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Forsætisráðuneyti og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, en það skal nánar ákvarðað í samráði við Skipulagsstofnun. Einnig ýmis ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins, s.s. fjallskilanevnd og umhverfisnefnd.
 - Deiliskipulagstillaga og umhverfisskýrsla fullunnin
 - Samþykkt sveitarstjórnar á deiliskipulagi + umhverfisskýrslu
 - Auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu
 - Umfjöllun skipulagsnefndar
 - Umfjöllun sveitarstjórnar
- 3) TILKYNNING UM MATSSKYLDA FRAMKVÆMD
 - Tilkynning um matsskylda framkvæmd send til Skipulagsstofnunar